

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 19. maí 2026

Mál nr. E-7450/2025:

**Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir**

(Dagmar Sigurðardóttir lögmaður)

**gegn**

**Yrki arkitektum ehf.**

(Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður)

**Arkís arkitektum ehf.**

(Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður)

**Nordic Office of Architecture ehf.**

(Helgi Jóhannesson lögmaður)

**T.ark Arkitektum ehf.**

(Gísli Guðni Hall lögmaður)

## Úrskurður

- Mál þetta var höfðað 12. desember 2025 og tekið til úrskurðar 7. maí 2026 um frá-vísunarkröfur stefndu. Stefnandi er Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir, Borgartúni 26, Reykjavík. Stefndu eru Yrki arkitektar ehf., Mýrargötu 26, Reykjavík, Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, Kópavogi, Nordic Office of Architecture ehf., Hallarmúla 4, Reykjavík, og T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess aðallega að felldur verði úr gildi úrskurður kærunefndar útboðs-mála frá 12. júní 2025 í máli nr. 41/2024: Yrki arkitektar ehf. gegn Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum um að stefnandi sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnda Yrki arkitektum ehf. og skuli greiða málskostnað stefnda Yrki arkitekta ehf. að fjárhæð 1.000.000 króna. Til vara er þess krafist að felld verði úr gildi með dómi ákvæði úrskurðar kærunefndar útboðsmála frá 12. júní 2025 í máli nr. 41/2024: Yrki arkitektar ehf. gegn Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum um að stefnandi sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnda Yrki arkitektum ehf. og skuli greiða málskostnað til stefnda Yrkis arkitekta ehf. að fjárhæð 1.000.000 króna. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar.

3. Allir stefndu krefjast þess hver um sig aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi en til vara sýknu af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.
4. Í þessum þætti málsins er frávísunarkrafa stefndu til umfjöllunar samkvæmt ákvörðun dómsins. Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfunni verði hafnað og krefst málskostnaðar úr hendi stefndu, hvers um sig.

#### *Málsatvik*

5. Í máli þessu er efnislega deilt um gildi úrskurðar kærunefndar útboðsmála nr. 41/2024 þar sem leyst var úr kæru sem sóknaraðilinn Yrki arkitektar ehf. beindi til kærunefndarinnar 29. október 2024. Varnaraðili í þessum þætti málsins var til varnar fyrir nefndinni en sóknaraðilarnir, Arkís arkitektar ehf., Nordic Office of Architecture ehf., og T.ark Arkitektar ehf. áttu ekki aðild að ágreiningsmálinu sem kærunefndin leysti úr.
6. Deiluefni það sem var til úrlausnar fyrir kærunefndinni átti rót að rekja í svonefndu samkeppnisútboði sem varnaraðili efndi til í júní 2023 með útgáfu útboðs- og samnings-skilmála nr. 21730 vegna: *HVH – Hús löggæslu- og viðbragðsaðila – Samkeppnisútboð á fullnaðarhönnun arkitekta.*
7. Áður hafði verið auglýst forval vegna þessa samkeppnisútboðs með það að markmiði að velja hæfan aðila til að taka að sér arkitektahönnun fyrir verkefnið. Niðurstaða þess forvals varð sú að sóknaraðilar urðu fyrir valinu ásamt fimmta arkitektafyrirtækinu sem heltist úr lestinni og tók ekki þátt.
8. Samkvæmt framangreindum útboðsgögnum var útboðið þrepaskipt. Fyrsta þrepið fól í sér skil á tillögum þar sem bjóðendur áttu að skila inn fullgildri hönnunartillögu undir nafnleynd innan fjögurra mánaða frá afhendingu útboðsgagna. Í kjölfarið var gert ráð fyrir að matsnefnd myndi velja tvær stigahæstu tillögurnar í samræmi við fyrirfram gefna matsþætti og bjóða þeim aðilum sem staðið höfðu að þeim þátttöku í næsta þrepi útboðsins.
9. Í útboðsskilmálunum var sérstakt ákvæði auðkennt 1.7 er fól í sér fyrirvara um frestun og var svohljóðandi:

*Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að fresta hönnun þegar í stað, hvort sem er í heild eða að hluta, t.d. ef þær efnahagslegu forsendur sem verkefnið er byggt á breyta eða upp kemur fyrirvari um fjárveitingar til verkefnisins. Verkkaupa ber að tilkynna bjóðendum um slíka frestun með skriflegum hætti. Verkkaupi greiðir bjóðendum*

*fyrir þá vinnu sem innt hefur verið af hendi fram að þeim degi sem frestunin átti sér stað.*

*Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að segja upp samningnum með 30 daga skriflegum fyrirvara. Ef samningi er sagt upp að ákvörðun verkkaupa eiga arkitektar rétt á greiðslum fyrir þá vinnu sem innt hefði verið af hendi fram að þeim degi er uppsögn tekur gildi.*

*Verkkaupi og/eða Ríkiskaup verða ekki gerð ábyrg fyrir tjóni, skaða, missi tekna eða missi hagnaðar sem bjóðandi kanni að verða fyrir vegna slíkrar frestunar eða uppsagnar.*

10. Sóknaraðilar fengu hver um sig tilkynningu 20. júní 2023 þar sem þeim var tilkynnt um að þeir hefðu verið valdir sem hugsanlegir birgjar vegna framangreinds útboðs og veittur aðgangur að nánar tilgreindu rafrænu kerfi til að vinna að útboðinu. Tekið var fram að útboðsfrestur rynni út 20. október 2023. Varnaraðili tilkynnti síðan 28. júní sama ár að tilboðsfresturinn hefði verið lengdur til 20. nóvember 2023 og svo síðar var fresturinn enn lengdur til 10. janúar 2024.
11. Sóknaraðilar skiluðu tillögum er lutu að fyrsta þrepi útboðsins 10. janúar 2024 en verkefnið mun ekki farið svo langt að sá áfangi yrði kláraður. Varnaraðili mun einvörðungu hafa farið yfir tillögurnar út frá gátlista sínum en tillögurnar munu ekki hafa verið metnar til stiga. Af því leiddi að ekki var tekin afstaða til þess hvaða tvær tillögur væru stigahæstar á þessu stigi útboðsins og þeir sem að þeim tillögum stæðu kæmust áfram yfir á annað þrep. Lokatilboð í útboðinu voru því aldrei lögð fram. Sóknaraðilar munu hafa verið upplýstir um að ekki væri hægt að tilgreina hvenær tilkynnt yrði um mat á tillögum. Greint var frá því að ástæða þessa væri óvissa um fjármögnun verkefnisins í kjölfar breytinga á fjárlögum ársins 2024. Tilkynnt var síðan 8. mars 2024 að áframhaldandi bið yrði á vinnslu verkefnisins þar til niðurstaða myndi liggja fyrir úr vinnslu fjárlaga en henni myndi ljúka á næstu vikum. Að því loknu yrði tekin ákvörðun um næstu skref og hvort matsnefnd myndi meta tillögur sóknaraðila.
12. Í fyrrgreindri orðsendingu var jafnframt greint frá því að þar sem fyrir lögju gildar tillögur frá sóknaraðilum hefði verið tekin ákvörðun um að greiða þátttakendum fyrir inn-sendar tillögur þrátt fyrir að matsnefnd hefði ekki metið stigafjölda tillagnanna. Reikning vegna þóknunar að fjárhæð 7.000.000 króna, án virðisaukaskatts, bar að senda til varnaraðila. Sóknaraðilar gerðu það og fengu nefnda fjárhæð greidda hver og einn.

13. Á því er byggt af hálfu varnaraðila að talsverðar umræður hefðu orðið að vorlagi 2024, bæði í fjölmiðlum og á Alþingi, er lutu að þeirri stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar að fresta byggingu húss viðbragðsaðila um ótiltekinn tíma. Fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 var samþykkt á Alþingi 22. júní 2024 þar sem ekki var gert ráð fyrir fjármögnun byggingaframkvæmda þessa húss. Fram kemur í málatilbúnaði varnaraðila að ríkið hafi verið eiginlegur kaupandi samkvæmt útboðinu og forsendum frestunar hefðu verið gerð ítarleg skil opinberlega af fulltrúum þess, ráðherrum og þingmönnum.
14. Sóknaraðilinn Yrki arkitektar ehf. krafði varnaraðila um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 52.665.559 krónur 24. júní 2024 með vísan til 119. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og ákvæðis í grein 1.5. í útboðsskilmálum. Tekið var fram að áðurgreindar 7.000.000 króna hefðu verið dregnar frá bótafjárhæðinni. Kröfunni var svarað með bréfi 17. október 2024 af hálfu varnaraðila og henni hafnað.
15. Sóknaraðilinn Yrki arkitektar ehf. kom kæru á framfæri við kærunefnd útboðsmála 29. október 2024 og óskaði þess að kærunefndin léti í ljós álit á skaðabótaskyldu varnaraðila í samræmi við 2. mgr. 111. gr. laga nr. 120/2016 vegna ákvörðunar varnaraðila um að hætta við framangreint útboð. Nefndin kvað upp úrskurð 12. júní 2025 í máli nr. 41/2024 og komst að þeirri niðurstöðu að varnaraðili væri skaðabótaskyldur gagnvart sóknaraðila vegna þátttöku hans í samkeppnisútboði nr. 21730 auðkennt „HVH – Hús löggæslu- og viðbragðsaðila – samkeppnisútboð á fullnaðarhönnun arkitekta“. Jafnframt var kveðið á um að varnaraðili skyldi greiða þessum sóknaraðila 1.000.000 króna í málskostnað.
16. Í kjölfar uppkvaðningar úrskurðarins var varnaraðila sent bréf 18. júní 2025 af hálfu sóknaraðilans Yrkis arkitekta ehf. sem fól í sér skaðabótakröfu vegna ólögmetrar stöðvunar innkaupaferlis, eins og umfjöllunarefni bréfsins var afmarkað. Í bréfinu var sett fram fjárfrafa vegna ógreidds reiknings að fjárhæð 52.665.559 krónur, krafði var um greiðslu dráttarvaxta frá útgáfudegi þess reiknings að upphæð 8.927.215 krónur og síðan krafist greiðslu fyrrgreinds málskostnaðar sem úrskurðarnefndin hafði úrskurðað, 1.000.000 króna. Samtals nam krafa sóknaraðilans 62.592.774 krónum. Bréf þetta var sent rafrænt með tölvupósti nefndan dag og var móttaka orðsendingarinnar staðfest samdægurs af lögfræðingi á skrifstofu forstjóra sóknaraðila.
17. Varnaraðila var á ný send orðsending rafrænt 2. júlí 2025 sem beint var til áðurnefnds lögfræðings á skrifstofu forstjóra sóknaraðila. Innt var eftir því hvort vænta mætti afstöðu til framsettrar kröfu innan skamms áður en hugað yrði að málshöfðun. Brugðist var við orðsendingunni 4. júlí og greint frá því að verið væri að leggja mat á hvort fara

ætti fram á ógildingu fyrirbyggjandi úrskurðar en niðurstaða þar að lútandi myndi ekki liggja fyrir fyrr en að sumarleyfum afstöðnum. Þess var getið að varnaraðili starfaði eftir umboði verkkaupa og tæki því ekki sjálfur þá ákvörðun. Síðan sagði: „Það er verið að miðla því að fá greiddan úrskurðaðan málskostnað til umbj. ykkar.“

18. Varnaraðili greiddi málskostnað í samræmi við úrskurðarorðið 18. ágúst 2025 til lögmanns sóknaraðilans Yrkis arkitekta ehf.
19. Varnaraðili höfðaði mál þetta 12. desember 2025 á hendur sóknaraðilum öllum á þeirri forsendu að samkvæmt meginreglu réttarfars- og stjórnsluréttar sé nauðsynlegt að stefna öllum aðilum að stjórnslumáli þegar reyni á gildi stjórnsluúrskurða, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fram kemur af hálfu varnaraðila að þótt aðrir sóknaraðilar en Yrki arkitektar ehf. hafi ekki verið beinir málsaðilar í úrskurði kærunefndar útboðsmála nr. 41/2024 kveði úrskurðurinn á um réttindi *aðalstefnda*, sem sóknaraðilinn Yrki arkitektar ehf. er nefndur, sem aðrir stefndu geti borið fyrir sig sem þátttakendur í útboði stefnanda verði úrskurðurinn látinn standa.
20. Þrátt fyrir framangreinda umfjöllun varnaraðila um aðild sóknaraðilanna er þeim öllum stefnt samhliða til að þola dóm í samræmi við dómkröfur varnaraðila. Enginn sóknaraðila nýtur að lögum stöðu sem aðalstefndi.
21. Sóknaraðilar tóku allir til varna og kröfðust aðallega frávísunar en til vara sýknu eins og að framan greinir.

*Helstu málsástæður sóknaraðilans Yrkis arkitekta ehf.*

22. Krafa sóknaraðila um að málinu verði vísað frá dómi er byggð á þrennum málsástæðum. Vísa eigi málinu frá dómi vegna skorts á lögvörðum hagsmunum, sökum þess að varnaraðili hafi þegar unað niðurstöðu kærunefndar útboðsmála og að til sé að dreifa umboðsskorti, sem svo er nefndur, til sóknar fyrir hönd íslenska ríkisins.
23. Krafa um frávísun vegna skorts á lögvörðum hagsmunum er sett fram af hálfu sóknaraðila með vísan til dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 182/2005 og nr. 459/2005 sem fólu í sér að ekki væri til að dreifa lögvörðum hagsmunum af því að fá ógilt álit kærunefndar útboðsmála um skaðabótaskyldu. Í dómunum hafi því verið slegið föstu að hagsmunir af því að fá úrskurð um álit um skaðabótaskyldu felldan úr gildi takmörkuðust við ákvörðun kærunefndar útboðsmála um málskostnað. Hvað málskostnað í þessu máli áhrærði hefði varnaraðili greitt hann 18. ágúst 2025 án fyrirvara og með greiðslunni lauk kröfunni.

24. Sú skylda sem stefnandi krefjist ógildingar á sé því ekki lengur fyrir hendi vegna hans eigin aðgerða og greiðslu á málskostnaðarkröfunni. Varnaraðili hafi því ekki lögvarða hagsmuni af því að fá hana ógilta, enda engin greiðsluskylda lengur fyrir hendi sem hægt væri að ógilda. Með því að greiða framangreindan málskostnað hafi varnaraðili unað niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar enda heimild til að greiða málskostnað bundin við það að úrskurðurinn sé endanlegur og bindandi fyrir varnaraðila. Í þessu tilliti hafi meðal annars þýðingu að um sé að ræða opinbera aðila, sem sé óheimilt að ráðstaða fjármunum nema samkvæmt lögum og til greiðslu á lögbundnum skuldbindingum.
25. Þá sé varnaraðili ekki kaupandi í útboðinu heldur hafi komið fram fyrir hönd kaupanda. Endanlegur kaupandi sé íslenska ríkið eins og tilgreint sé í stefnu og hafi komið fram í tölvupósti varnaraðila til sóknaraðila 4. júlí 2025, þar sem varnaraðili sé nefndur *umboðsmaður* kaupanda og eigi því ekki ákvörðun um það hvort kaupandi uni úrskurðinum eða ekki.
26. Varnaraðili starfi eftir lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Verkefni og hlutverk stofnunarinnar séu talin upp í 20. gr. laganna. Eitt þeirra sé að annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka, sjá b-lið 1. mgr. 20. gr. Samkvæmt því ákvæði geti varnaraðili komið fram fyrir ríkið í útboðsferlinu og fyrir kærunefnd útboðsmála enda málsmeðferð fyrir kærunefndinni hluti af lögbundinni málsmeðferð útboðsmála vegna opinberra innkaupa samkvæmt lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Skaðabótaskylda samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laganna hvíli á kaupanda, í þessu tilviki íslenska ríkinu. Uppgjör eða afstaða til slíkra bótakrafna á hendur íslenska ríkinu falli utan við hlutverk varnaraðila samkvæmt lögum nr. 84/2001, en eigi undir hlutverk ríkislögmanns, sjá 2. gr. laga nr. 51/1985 um ríkislögmann. Með sama hætti geti aðeins ríkislögmaður farið með sókn fyrir íslenska ríkið í einkamálum sem varði bótaskyldu ríkisins, sjá 2. mgr. 2. gr. laga um ríkislögmann.
27. Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála fer sú stofnun ríkisins með fyrirvar fyrir ríkið sem hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni sem sakarefnið varðar. Varnaraðili hafi upplýst að hann sé *umboðsmaður* fyrir hönd íslenska ríkisins og taki ekki ákvörðun um bótaskyldu og sé ekki *endanlegur kaupandi* samkvæmt útboðinu. Ætli umboðsmaður að höfða mál fyrir umbjóðanda sinn í eigin nafni þurfi hann að hafa málsóknarumboð, en slíkt umboð sé ekki fyrir hendi. Varnaraðili telji að slíkt umboð verði ekki veitt á milli ríkisstofnana þar sem þær séu bundnar af lögum um hlutverk sín. Verði því einnig að vísa málinu frá af þessari ástæðu.

*Helstu málsástæður sóknaraðilans Arkís arkitekta ehf. um frávísun*

28. Byggt er á því að varnaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af dómkröfum sínum um að fá ógilt álit kærunefndar útboðsmála um skaðabótaskyldu hans gagnvart sóknaraðila með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 182/2005 og nr. 459/2005. Í þeim tilvikum voru hagsmunir taldir takmarkast við ákvörðun kærunefndarinnar um málskostnað. Varnaraðili hafi hvorki sýnt fram á hagsmuni af því að fá ákvörðun um málskostnað felldan úr gildi né hvernig sóknaraðila verði gert að þola slíkan dóm.
29. Þá sé varnaraðili ekki kaupandi í útboðinu heldur komi fram fyrir hönd kaupanda, íslenska ríkisins. Varnaraðili starfi eftir lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Verkefni og hlutverk stofnunarinnar séu talin í 20. gr. laganna, meðal annars að annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka. Skaðabótaskylda samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga um opinber innkaup hvílir á kaupanda sem í þessu máli er íslenska ríkið. Varnaraðili hafi því ekki heldur lögvarða hagsmuni af kröfunni af þeim sökum auk þess sem aðild sé vanreifuð.

*Helstu málsástæður sóknaraðilans Nordic Office of Architecture ehf. um frávísun*

30. Sóknaraðili byggir á því að með greiðslu málskostnaðar hafi varnaraðili í raun unað niðurstöðu kærunefndarinnar. Því beri að vísa málinu frá þegar af þeirri ástæðu. Hæstiréttur hafi í tveimur málum vísað sambærilegum málum frá dómi vegna skorts á lög-  
vörðum hagsmunum þar sem úrskurðir kærunefndar fjölluðu einungis um álit á skaðabótaskyldu. Um sé að ræða dóma í hæstaréttarmálum nr. 182/2005 og nr. 459/2005.
31. Þá sé stefnandi ekki kaupandi í útboðinu heldur komi fram fyrir hönd kaupanda. Endanlegur kaupandi sé íslenska ríkið. Stefnandi starfi eftir lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Verkefni og hlutverk stofnunarinnar séu talin upp í 20. gr. laganna, en eitt þeirra sé að annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka, sjá b-lið 1. mgr. 20. gr. Samkvæmt ákvæðinu geti stefnandi komið fram fyrir ríkið í útboðsferlinu og meðal annars fyrir kærunefnd útboðsmála en málsmeðferð fyrir kærunefndinni sé hluti af lögbundinni málsmeðferð útboðsmála vegna opinberra innkaupa samkvæmt lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Skaðabótaskylda samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga um opinber innkaup hvíli á kaupanda, í þessu máli íslenska ríkinu. Uppgjör eða afstaða til slíkra bótaskrafa falli utan við hlutverk stefnanda samkvæmt lögum nr. 84/2001, en heyri til hlutverks ríkislögmanns, sjá 2. gr. laga nr. 51/1985 um ríkislögmann. Með sama hætti

geti aðeins ríkislögmaður farið með sókn fyrir íslenska ríkið í einkamálum sem varða bótaskyldu ríkisins, sjá 2. mgr. 2. gr. laga um ríkislögmann.

32. Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála fer sú stofnun ríkisins með fyrirvar fyrir ríkið sem hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni sem sakarefnið varðar. Varnaraðili hafi upplýst að hann sé *umboðsmaður* fyrir hönd íslenska ríkisins og taki ekki ákvörðun um bótaskyldu og sé ekki *endanlegur kaupandi* samkvæmt útboðinu. Ætli umboðsmaður að höfða mál fyrir umbjóðanda sinn í eigin nafni þurfi hann að hafa málsóknarumboð, en slíkt umboð sé ekki fyrir hendi og stefndi telji að slíkt umboð verði ekki veitt á milli ríkisstofnana þar sem þær séu bundnar af lögum um hlutverk sín. Verði því einnig að vísa málinu frá af þessari ástæðu.

*Helstu málsástæður sóknaraðilans T.ark Arkitekta ehf. um frávísun*

33. Varnaraðili hafi þegar greitt sóknaraðila Yrki arkitektum ehf. málskostnað þann sem kærunefndin úrskurðaði honum. Þannig hafi varnaraðili unað við úrskurð kærunefndarinnar. Vísa beri málinu frá þegar af þeirri ástæðu, sbr. dóma í hæstaréttarmálum nr. 182/2005 og nr. 459/2005. Sóknaraðili telji að dóminum beri að vísa þessu máli frá án kröfu – *ex officio* en geri allt að einu kröfu um frávísun.
34. Skaðabótaskylda samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup hvíli á kaupanda, í máli þessu íslenska ríkinu. Uppgjör eða afstaða til slíkra bótakrafna á hendur íslenska ríkinu falli utan við hlutverk varnaraðila samkvæmt lögum nr. 84/2001, en falli undir hlutverk ríkislögmanns, sjá 2. gr. laga nr. 51/1985 um ríkislögmann. Með sama hætti getur aðeins ríkislögmaður farið með sókn fyrir íslenska ríkið í einkamálum sem varði bótaskyldu ríkisins, sjá 2. mgr. 2. gr. laga um ríkislögmann.
35. Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála fer sú stofnun ríkisins með fyrirvar fyrir ríkið sem hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni sem sakarefnið varðar. Varnaraðili hafi upplýst að hann sé umboðsmaður fyrir hönd íslenska ríkisins og taki ekki ákvörðun um bótaskyldu og sé ekki *endanlegur kaupandi* samkvæmt útboðinu. Varnaraðili hafi samkvæmt framansögðu ekki málsóknarumboð né heldur aðildarhæfi eða lögvarða hagsmuni til að höfða mál þetta í eigin nafni. Því beri einnig að vísa málinu frá af þessum ástæðum.

*Helstu málsástæður varnaraðila er lúta að frávísun*

36. Hvað aðild varnaraðila snertir og málsástæður sóknaraðila um að vísa beri málinu frá dómi vegna umboðsskorts vísar varnaraðili til lögboðsins hlutverks síns samkvæmt VII. kafla laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda en tilgreint sé í 20. gr. laganna að varnaraðila beri að beita sér fyrir að hagkvæmni sé gætt í skipan opinberra framkvæmda og að meðal þess sem honum beri að gera til að sinna þessu hlutverki sé samkvæmt b-lið 1. mgr. 20. gr. að undirbúa og annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka. Fjármála- og efnahagsráðherra skipi forstjóra Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna til fimm ára í senn sem sé ábyrgur fyrir rekstri stofnunarinnar en ráðherra setji stofnuninni jafnframt reglugerð. Sú reglugerð sé nr. 895/2024 þar sem meðal annars sé kveðið á um útboðsleyfi í 4. gr. þar sem varnaraðila er á grundvelli 3. mgr. 99. gr. laga um opinber innkaup veitt útboðsleyfi er taki samkvæmt 1. tölulið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar til hönnunar eða verklegra framkvæmda vegna viðhalds, endurbóta og byggingar mannvirkja og annarra fasteigna.
37. Þá falli varnaraðili undir kaupanda í skilningi 14. töluliðar 1. mgr. 2. gr. laga um opinber innkaup. Eins sé til 109. gr. laganna að líta þar sem kveðið sé á um heimild kaupanda til að fela miðlægri innkaupastofnun fyrirsvar vegna reksturs mála fyrir kærunefnd útboðsmála. Í 112. gr. sé kveðið á um að vilji kærandi, varnaraðili eða annar aðili sem lögvarinna hagsmuna eigi að gæta ekki una úrskurði kærunefndar útboðsmála geti hann höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum sem skuli þá höfðað innan sex mánaða. Með þessu lagaákvæði sé varnaraðila veitt bein heimild til málshöfðunar. Það hafi enda reynt á það fyrir dómi að varnaraðili hafi aðildarhæfi til að reka mál fyrir dómstólum vegna útboðsverkefna, sbr. dóm Landsréttar frá 21. desember 2018 í máli nr. 243/2018.
38. Í framangreindu ljósi séu ekki forsendur til að vísa málinu frá vegna skorts á málsóknarhæfi eða málsóknarumboði varnaraðila vegna þessa úrskurðar kærunefndarinnar.
39. Hvað varði álitaefni um skort á lögvörðum hagsmunum sé á því byggt af hálfu varnaraðila að ólíku sé hér saman að jafna hvað varði dóm Hæstaréttar í máli nr. 182/2005 þar sem í því tilviki hafi ekki reynt á að annmarkar hefðu verið á málsmeðferð fyrir kærunefndinni en slíkum annmörkum hefði verið til að dreifa í máli þessu. Þannig hafi varnaraðili lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurð nefndarinnar um álit um skaðabótaskyldu felldan úr gildi. Niðurstaða nefndarinnar byggist á málsmeðferð sem hafi verið háð miklum annmörkum. Bæði hefði nefndin tekið málið til meðferðar þótt kærufrestur hefði verið liðinn og eins hefði nefndin byggt niðurstöðu sína meðal annars á málsástæðum sem fyrst hefðu komið fram í andsvörum sóknaraðilans Yrkis arkitekta ehf. sem komið

hefði verið á framfæri við nefndina en varnaraðili hefði ekki fengið eintak af þeim og því ekki gefist kostur á andsvörum. Þannig hefði nefndin brotið gegn eigin starfsreglum og 13. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993. Því sé til að dreifa lögvörðum hagsmunum af því að fá úrskurðinn felldan úr gildi þar sem kærunefndin hafi ekki farið að lögum. Um þetta vísi varnaraðili til dóms Landsréttar í máli nr. 165/2025 frá 19. mars 2026 en þar hefði málinu ekki verið vísað frá dómi ex officio þar sem úrlausnarefnið hefði lotið að því hvort nefndin hefði farið að lögum. Þessi úrskurður hafi að auki bæði áhrif á heimildir og framkvæmd varnaraðila á útboðum verði hann ekki felldur úr gildi.

40. Hvað greiðslu málskostnaðar snerti hafi varnaraðili hagsmuni af því að sú niðurstaða verði felld úr gildi með sama hætti og hafi átt við í dómi Hæstaréttar í máli nr. 182/2005. Lögð sé áhersla á að málskostnaðar hafi verið krafist beint án milligöngu lögmanns sem farið hafi með málið fyrir kærunefnd útboðsmála. Sú framgangna hafi ekki verið í samræmi við 26. gr. siðareglu lögmanns, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt.
41. Horfa verði einnig til þess að búið hafi verið að ákveða að greiða málskostnaðinn áður en ákvörðun hafði verið tekin um að krefjast ógildingar á úrskurði kærunefndarinnar fyrir dómi en í því samhengi verði að horfa til þess að málskostnaðurinn hafi verið aðfararhæfur án undangengins dóms, sbr. 5. mgr. 111. gr. laga um opinber innkaup.

#### *Niðurstaða*

42. Í máli þessu krefst varnaraðili þess aðallega að felldur verði úr gildi úrskurður kærunefndar útboðsmála frá 12. júní 2025 í máli nr. 41/2024 um að varnaraðili sé skaðabótaskyldur gagnvart sóknaraðilanum Yrki arkitektum ehf. og skuli greiða málskostnað þessa sóknaraðila að fjárhæð 1.000.000 króna, auk þess sem höfð er uppi málskostnaðarkrafa. Til vara krefst varnaraðili þess að ákvæði úrskurðarorðs úrskurðarins um að hann sé skaðabótaskyldur og beri að greiða málskostnað verði felld úr gildi. Ekki verður séð að sá efnislegi munur sé á aðal- og varakröfu varnaraðila að tilefni sé til að fjalla sjálfstætt um hvora fyrir sig með tilliti til þess hvort þeir formgallar séu á málinu að leiði til þess að því verði vísað frá dómi.
43. Af hálfu varnaraðila er tekið fram í málalíbúnaði hans að sóknaraðilar aðrir en Yrki arkitektar ehf. hafi ekki verið beinir málsaðilar að því kærumáli sem leiddi til úrskurðar kærunefndar útboðsmála nr. 41/2024. Úrskurður nefndarinnar kveði á hinn bóginn á um réttindi *aðalstefnda*, sem sóknaraðilinn Yrki arkitektar ehf. er nefndur, sem aðrir *stefndu*, sem aðrir varnaraðilar voru nefndir, gætu borið fyrir sig sem þátttakendur í útboði

stefnanda verði úrskurðurinn látinn standa. Þrátt fyrir þessa framsetningu varnaraðila á aðild sóknaraðilanna er þeim öllum stefnt samhliða til að þola dóm í samræmi við dómkröfur varnaraðila. Enginn sóknaraðila nýtur að lögum stöðu sem *aðalstefndi*.

44. Til úrlausnar er í úrskurði þessum hvort vísa eigi málinu frá dómi, sbr. 1. og 2. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála, þ.e.a.s. á grundvelli krafna sóknaraðila, auk þess sem til skoðunar kemur hvort vísa beri málinu frá dómi á öðrum grunni en kröfur þeirra gefa tilefni til.
45. Því skal haldið til haga að sóknaraðilarnir Arkís arkitektar ehf., Nordic Office of Architecture ehf. og T.ark Arkitektar ehf. áttu ekki aðild að úrskurði kærunefndar útboðsmála frá 12. júní 2025 í máli nr. 41/2024 eins og réttilega er tekið fram af hálfu varnaraðila. Í því ljósi verður ekki séð að nokkur réttarfarsnauðsyn hafi staðið til þess að höfða mál þetta á hendur þeim. Breytir í þeim efnum engu þótt þeir hafi átt hlut að útboði varnaraðila enda skutu þeir málinu ekki til kærunefndar útboðsmála. Aðildarskortur, sem sýnist sterklega koma til álita að eigi við í málinu hvað þessa aðila snertir, leiðir á hinn bóginn til sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála, þannig að málinu verður ekki vísað frá dómi án kröfu hvað þessa aðila snertir á þessum grundvelli.
46. Í málatilbúnaði sínum hafa sóknaraðilar hver fyrir sig byggt á því að varnaraðili sé ekki réttur fyrirvarsmaður raunverulegs gagnaðila sem sé íslenska ríkið þar sem varnaraðili hafi lýst því yfir að hann komi fram fyrir hönd kaupanda samkvæmt útboðinu en sé ekki kaupandi. Sóknaraðilar hafa jafnframt vísað í þessu samhengi til hlutverks varnaraðila samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.
47. Fyrir liggur að varnaraðili lýtur ekki sérstakri stjórn heldur heyrir beint undir ráðherra sem lægra sett stjórnvald. Sem slíkum er varnaraðila falið afmarkað hlutverk eins og rakið er að framan, annars vegar í lögum um skipan opinberra framkvæmda og hins vegar lögum um opinber innkaup.
48. Hæstiréttur hefur ítrekað tekið fram í dómum að fyrirvar fyrir íslenska ríkið sé almennt hjá þeim ráðherra, einum eða fleiri, sem ákvörðunarvald hefur um þá hagsmuni sem sakarefnið varðar hverju sinni, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, eins og rakið er í dómi Hæstaréttar Íslands frá 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025 þar sem vísað er einnig til dóma Hæstaréttar 15. maí 2024 í máli nr. 52/2023 (42. lið), 28. febrúar 2024 í máli nr. 24/2023 (48. lið) og 1. nóvember 2023 í máli nr. 16/2023 (35. lið). Í því ljósi sýnist mega álykta á þann veg að réttu lagi hefði íslenska ríkið átt að höfða mál þetta gegn sóknaraðilum enda áhorfsmál hvort varnaraðili hafi, í ljósi lagaheimilda þeirra sem hann starfar

eftir, heimildir að lögum til að ráðstafa hagsmunum íslenska ríkisins fyrir dómi, sbr. til dæmis 1. mgr. 17. gr. og 45. gr. laga um meðferð einkamála. Í þessu sambandi verður að mati dómsins að horfa til þess að í 109. gr. laga um opinber innkaup er sérstaklega tekið fram að kaupanda, sem svo er nefndur, sé heimilt að fela miðlægri innkaupastofnun fyrirvar vegna reksturs máls fyrir kærunefnd útboðsmála. Sambærilegri heimild til höfðunar dómsmáls er ekki til að dreifa í lögnum og í ljósi tilvitnaðra ákvæða einkamálalaga sýnast ekki forsendur til að túlka orðalag 112. gr. laga um opinber innkaup þannig að hið lögbundna fyrirvar fyrir kærunefndinni samkvæmt 109. gr. verði túlkað svo rúmt að það taki einnig til málshöfðunar samkvæmt 112. gr. Orkar því tvímælis að varnaraðili hafi hæfi til að höfða mál þetta með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála.

49. Fyrir liggur samkvæmt lögum nr. 84/2001 að þau verkefni sem ráðist er í og fjármögnun þeirra er á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Það er bæði tekið fram í aðfaraorðum laganna og í 17. gr. laganna. Í 3. málslíð 19. gr. laganna er tekið fram að Framkvæmdasýsla ríkisins heyri undir ráðuneytið.
50. Í 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála er kveðið á um að þegar ríkið eða sveitarfélag eigi aðild að máli, stofnun eða fyrirtæki þess eða einstök stjórnvöld, komi sá fram sem fyrirvarsmaður sem hafi ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans sem sakarefnið varðar, nema mælt sé á annan veg í lögum. Í ljósi 17. og 19. gr. laga 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda leikur að mati dómsins ekki vafi á því að fyrirvar í skilningi 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála er á hendi fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem hefur að lögum það ákvörðunarvald sem 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála vísar til. Þannig verður ráðuneytið að standa að málsókn sem þessari fyrir hönd ríkisins enda verður leitt af tilvitnuðu lagaákvæði að máli ber að meginreglu að beina að íslenska ríkinu enda sé ekki mælt á annan veg í lögum eða viðkomandi stofnun eða hún lúti sjálfstæðri stjórn. Svo háttar ekki til hér og nýtur því varnaraðili ekki sjálfstæðs aðildarhæfis í skilningi þessa ákvæðis einkamálalaga, sbr. einnig 1. mgr. 16. gr. laganna. Vísast í þeim efnum til dóms Hæstaréttar í máli nr. 500/2010 frá 14. apríl 2011, og einnig til hliðsjónar dóms Hæstaréttar í máli nr. 69/2025 frá 13. febrúar 2026. Hann er þannig ekki bær til að höfða mál þetta í eigin nafni. Áréttað skal vegna málatilbúnaðar varnaraðila að við þessar aðstæður kemur ekki til skoðunar að einhvers konar lögbundið málsóknarumboð gæti komið til álita enda myndi það ekki breyta neinu um aðildarhæfið sem slíkt.

51. Hvað fyrirbyggjandi úrskurð kærunefndar útboðsmála snertir lýtur hann efnislega að því að nefndin lét í té álit á skaðabótaskyldu varnaraðila en slík álitsgjöf er meðal þess sem kærunefndin getur látið uppi, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Sérstaklega er tekið fram í síðari hluta 2. mgr. að nefndin tjái sig ekki um fjárhæð skaðabóta.
52. Líkt og allir sóknaraðilar hafa rakið í málalíbúnaði sínum hefur Hæstiréttur í tvígang leyst úr því að álitserðir kærunefndarinnar um skaðabótaskyldu samkvæmt 2. mgr. 81. gr. þágildandi laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, sbr. nú 2. mgr. 111. gr. laga um opinber innkaup, hefðu engin áhrif að lögum gagnvart málsaðilum sem vildu fá slíkum niðurstöðum hnekkt fyrir dómi og höfðuðu mál í þeim tilgangi. Er þar að líta til dóma Hæstaréttar í máli nr. 182/2005 frá 17. nóvember 2005 og í máli nr. 459/2005 frá 21. nóvember 2005. Röksemdir fyrir þessari niðurstöðu eru kjarnaðar vel í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem staðfestur var með vísan til forsendna með nefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 459/2005, síðargreinda málinu:

*Af framangreindum lagatexta og skýringum við hann má sjá að álit kærunefndarinnar um skaðabótaskyldu verður á engan hátt bindandi fyrir kærða og af því leiðir sjálfkrafa að gagnaðili getur heldur ekki byggt rétt að lögum á sama álit. Hvert sem álit kærunefndarinnar kann að vera þá skiptir það ekki máli um rétt aðila, annars vegar til þess að krefjast greiðslu bóta í dómsmáli og hins vegar að fá viðurkennt fyrir dómi að bótaskylda sé ekki fyrir hendi. Sá réttur raskast ekki við álit kærunefndarinnar og álit hennar um skaðabótaskyldu hefur enga beina þýðingu í slíkum dómsmálum. Enda þótt álitid geti valdið þeim óþægindum, sem talinn er vera skaðabótaskyldur samkvæmt skoðun nefndarinnar, verður sá hinn sami að búa við þau óþægindi svo lengi sem hann leitar ekki ásjár dómstólanna. Álit kærunefndarinnar um skaðabótaskyldu lýsir einvörðungu skoðunum þeirra sem í nefndinni sitja án þess að þær hafi nokkrar réttarverkanir og að lögum er ekki hægt að ógilda skoðanir manna.*

53. Engin efni eru til þess að líta framhjá þessum fordæmum Hæstaréttar enda aðstaðan sú sama. Í þessu tilliti breytir engu þótt varnaraðili telji að kærunefnd hafi brotið gegn málsmeðferðareglum með því að taka mál til úrlausnar að kærufresti liðnum og án þess að gæta að andmælarétti eins og hann byggir á. Niðurstaða úrskurðarins endurspeglar einvörðungu álit nefndarinnar óháð hugsanlegum formgöllum.

54. Óumdeilt er í málinu að varnaraðili greiddi sóknaraðilanum Yrki arkitektum ehf. 25. ágúst 2025 málskostnaðinn sem úrskurðaður var með tilvitnuðum úrskurði. Ítrekað hefur verið leyst úr því að með greiðslu málskostnaðar í dómsmálum ráðstafi aðili hagsmunum sínum svo að í þeirri greiðslu felist viðurkenning á fyrirbyggjandi niðurstöðu, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar frá 8. mars 2007 í máli nr. 457/2006 og frá 18. febrúar 2026 í máli nr. 29/2025. Varnaraðili greiddi, án nokkurs fyrirvara, sóknaraðilanum málskostnað þann sem úrskurðarnefndin ákvað með úrskurði sínum. Verður ekki litið með öðrum augum á þá greiðslu en sem viðurkenningu á greiðsluskyldu varnaraðila í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar.
55. Þótt eðlismunur sé á greiðslu málskostnaðar samkvæmt dómi og fyrir úrskurðarnefnd á stjórn-sýslunefndar þar sem greiðslan sem slík felur ekki í sér ráðstöfun á sakarefni í dómsmáli háttar svo til í máli þessu að með greiðslu sinni hefur varnaraðili greitt sóknaraðilanum Yrki arkitektum ehf. kröfu þá sem nefndin úrskurðaði honum. Sóknaraðilinn á því ekki ógoldna kröfu á hendur varnaraðila. Krafan sem slík er þannig ekki lengur til staðar þar sem kröfurettindum sóknaraðilans er lokið með því að varnaraðilinn efndi greiðsluskyldu sína í samræmi við úrskurðarorðið. Þar sem svona háttar til að krafan er ekki lengur til staðar hefur varnaraðili ekki heldur lögvarða hagsmuni af kröfu sinni um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi hvað málskostnaðarákvörðunina snertir. Ómöguleika er til að dreifa í þessu tilliti.
56. Þegar horft er til þess að lögvörðum hagsmunum er ekki til að dreifa til að fá álitni kærunefndar hnekkt um skaðabótaskyldu, ákvæði úrskurðar um málskostnað verður ekki hnekkt þar sem engri ógreiddri kröfu er til að dreifa vegna málskostnaðar og varnaraðili nýtur ekki aðildarhæfis til að höfða mál til ógildingar fyrirbyggjandi úrskurði úrskurðarnefndar útboðsmála er óhjákvæmilegt að fallast á kröfur sóknaraðila um að máli þessu verði vísað frá dómi. Áréttu verður að síðastgreinda atriðið eitt og sér leiðir til frávísunar án kröfu.
57. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum málskostnað, sbr. 2. mgr. 130. laga um meðferð einkamála. Þótt sóknaraðilar hafi ljóslega haft styrk af málalíbúnaði hvers annar verður í þessu tilliti sérstaklega að horfa til þess að málshöfðun þessi á hendur sóknaraðilunum Arkís arkitektum ehf., Nordic Office of Architecture ehf. og T.ark Arkitektum ehf. var þarflaus í skilningi a-liðar 1. mgr. 131. gr. sömu laga. Ekki er þó tilefni til að dæma álag á málskostnað, sbr. 2. mgr. 131. gr.

Hverjum stefnda fyrir sig verður dæmdur málskostnaður eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

58. Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður flutti málið fyrir sóknaraðila, Yrki arkitekta ehf., Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður flutti málið fyrir sóknaraðila, Arkís arkitekta ehf., Helgi Jóhannesson lögmaður flutti málið fyrir sóknaraðila, Nordic Office of Architecture ehf., og Gísli Guðni Hall lögmaður fyrir sóknaraðila, T.ark Arkitekta ehf. Dagmar Sigurðardóttir lögmaður flutti málið fyrir varnaraðila.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir, greiði stefndu Yrki arkitektum ehf., Arkís arkitektum ehf., Nordic Office of Architecture ehf. og T.ark Arkitektum ehf., hverjum fyrir sig 900.000 krónur í málskostnað.